

## Mál nr. 164/2019

## M og

## V1 vegna fjölskyldutryggingar og V2 vegna fjölskyldu- og fasteignatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á verkfærum.**Gögn.**

Málskot M, móttengið 5. maí 2019, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V1, dags. 3. júní 2019.

Bréf V2, dags. 20 maí 2019

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu M, til V1, dags. þann 31.5.2018 kemur fram að vatnsleki hafi orðið í bílskúr þar sem vinnustofa M er staðsett. Nánar tiltekið að heitt vatn hafi lekið í gegn um loftið á vinnustofunni með þeim afleiðingum að verkfæri í eigu M skemmdust. Af gögnum málsins má ráða að vinnustofan er ekki staðsett á heimili M, heldur í húsnæði í eigu A, tengdamóður málskotsaðila. Þá kemur fram í gögnum málsins að lekinn hafi átt upptök sín í miðstöðvarofni í íbúðarhúsnæði fyrir ofan vinnustofuna sem er í eigu B, sem er ótengdur þeim M og A.

M hefur gert kröfu í fjölskyldutryggingu sína hjá V1. Þá hefur M gert kröfur í tryggingar þeirra A og B hjá V2. V1 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að vátryggingin taki ekki til verkfæra sem eru staðsett annarstaðar en á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður. V2 hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess M sé ekki vátryggður skv. skilmálum fjölskyldutryggingar þeirrar sem A er með í gildi hjá V2 og að ábyrgðarliður fasteignatrygging A taki ekki á tjóninu, þar sem tjónið verði ekki með neinum hætti rakið til vátryggingartaka. Þá komi ekki til skoðunar hvort fasteignatrygging B hjá V2 nái til tjónsins þar sem tryggingin hafi fallið úr gildi þann 1. júlí 2016, talsvert áður en tjónið átti sér stað.

**Álit.**

Í skilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem M er með í gildi hjá V1 er að finna svohljóðandi ákvæði: *Vátryggingin tekur til: 1.1 Innbús sem er í eigu vátryggðou. „Með innbúi er átt við: [...] Verkfæra, varahluta, áhalda og búnaðar er vátryggður á og notar sjálfur í atvinnu sinni, sem bætast með allt að 5% af vátryggingarfjárhæð, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.“* Með hliðsjón af framangreindu ákvæði og þeirri staðreynd að verkfærin voru ekki staðsett á skráð lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburðurinn varð er ljóst að M á ekki bótarétt úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V1.

Í skilmála heimatryggingar þeirrar sem A er með í gildi hjá V2 segir: *„Vátryggðir eru vátryggingartaki, maki hans eða sambylismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.“* Þar sem fyrir liggur að M er tengdasonur vátryggingartaka er ljóst að hann telst ekki vátryggður skv. skilmálum heimatryggingar A hjá V2. Er því ljóst að M á ekki bótarétt úr þeirri tryggingu. Enn fremur liggur fyrir að tjónið verður ekki rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. Er því jafnframt ljóst að M á ekki bótarétt úr ábyrgðarlið heimatryggingar A eða fasteignatryggingar A hjá V2.

Varðandi kröfu M í fasteignatryggingu B hjá V2 liggur fyrir að vátryggingin féll úr gildi þann 1.7.2016 og var ekki í gildi þegar tjónsatburðurinn varð á árinu 2018. Þegar af þeirri ástæðu á M því ekki bótarétt úr fasteignatryggingu B hjá V2.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr tryggingum hjá V1 eða V2.

Reykjavík, 25. júní 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.